

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 15. október 1914.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Minningarsjóð hjónanna Jóhanns Jóhannessonar
og Sigurbjargar Guðnadóttur“.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Jóhanni Jóhannessyni kaupmanni í Reykjavík í minningu um látna konu hans, Sigurbjörgu Guðnadóttur, og er nafn sjóðsins: »Minningarsjóður hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur«.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er fjármunir þeir, sem tilfærðir eru á viðfestri skrá. Hefir stofnandi sjóðsins afhent Eggert Claessen yfirjettarmálaflutningsmanni í Reykjavík fyrir sjóðsins hönd fjármuni þessa og falið honum að innheimta peninga þá, sem af þeim hlotnast, smám saman eftir því sem þar að lútandi skuldaþref og samningar gera ráð fyrir, svo og koma þeim í peninga, og hefir hann fult umboð til þess að ráðstafa tjeðum fjármunum í nafni sjóðsins á hvern þann hátt, sem hann telur hagkvæmt fyrir sjóðinn, og koma fram fyrir hönd sjóðsins sem eiganda umræddra fjármuna í öllu sem þá snertir, en jafnóðum og peningar koma inn fyrir fjármunina skal hann afhenda þá stjórnarráði Íslands að frádregnum hæfilegum ómakslaunum.

Er áætlað að stofnfje sjóðsins verði þannig að minsta kosti 100.000 — eitt hundrað þúsund — krónur.

Sjóðurinn tekur aldrei við gjöfum eða neinum öðrum tillögum, hvorki frá einstökum mönnum nje af opinberu fje.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum ellihrumum mönnum og konum, eldri en 65 — sextiu og fimm — ára, sem ekki hafa notið sveitarstyrks frá fullnuðu 30. aldursári til fullnaðs 55. aldursárs, íslenskum og búsettum hjer á

103 landi, lífsupplendi til dauðadags, sjá þeim fyrir öllum nauðsynjum, og loks kosta 15. okt. sæmilega útför þeirra.

4. gr.

Til þess að fullnægja framangreindum tilgangi sjóðsins, skal kaupa fyrir fje hans jörð í sveit á heilnæmum stað, þar sem fagurt er og vistlegt til dvalar fyrir gamalmennin. Skal jörðin vera hæfilega stór til þess að gamalmenni þau, sem sjóðurinn tekur að sjer, geti haft þar hæfilega líkamlega vinnu sjer til afþreyingar. Á jörð þessari skal á kostnað sjóðsins byggja hús, vel traust og úr því efni, sem telst endingarbest. Skal húsið vera reisulegt, en skrautlaust. Yfir aðaldyrum hússins skal gera nafnspjald og á það skal letrað með gyltum stöfum nafn stofnunarinnar, sem skal vera: »Æfíkvöld«, en yfir nafninu og kringum það skulu vera geislar lækkandi sólar. Útboð skal gera á byggingu hússins. Jafnframt skal sjerstaklega heita íslenskum listamönnum verðlaun fyrir bestan uppdrátt af nafnspjaldinu að dómi stjórnarráðsins. Í húsi þessu skulu eiga heimili gamalmenni þau, sem sjóðurinn veitir lífsupplendi, og auk þess ráðsmaður stofnunarinnar með fjölskyldu sinni og þjónustufólki stofnunarinnar.

5. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn stjórnarráðs Íslands. Það ræður kaupum á jörð handa sjóðnum samkvæmt 4. gr., og áhöfn á hana, og sjer um bygging húss þess, sem þar ræðir um. Ræður stjórnarráðið öllu fyrirkomulagi hússins og húsbúnaðar, en hafa skal aðallega fyrir augum, að gamalmenni þau, sem þar eiga að búa, fái hollan og hæfilega rúmgóðan bústað. Skal húsið vera fullbyggt og stofnunin taka til starfa á hundrað ára fæðingardegi hinnar látnu konu stofnandans, 13. apríl 1973. Skal vígja stofnunina þann dag. — Þangað til þörf verður á samkvæmt því, sem hjer er sagt, að fara að nota fje sjóðsins, skal hann vera á vöxtum með sömu trygging, sem lög skipa fyrir á hverjum tíma sem er, um ómyndugra fje, en að öðru leyti ræður stjórnarráð Íslands ávöxtun sjóðsins.

Til gamalmennastofnunar þeirrar, sem reist verður fyrir fje sjóðsins, má eigi kosta meiru en svo, að örugt sje að dómi stjórnarráðs Íslands, að vextir af þeim höfuðstól, sem afgangur verður kostnaði við kaup jarðarinnar með áhöfn, bygging hússins og útvegum húsbúnaðar, nægi til þess að standast riflega allan kostnað við rekstur stofnunarinnar, en fje sjóðsins skal einnig eftir að stofnunin tekur til starfa ávaxta sem ómyndugra fje.

6. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglugjörð fyrir gamalmennastofnunina. Skal meðal annars tekið þar fram, að hæfilegri upphæð skuli á ári hverju verja til jólaglaðnings fyrir gamalmennin, og sá kostnaður talinn með reksturskostnaði. —

Stjórnarráðið veitir fólki vist á stofnuninni að fengnum nægilegum upplýsingum og skilríkjum um það, að umsækjendur fullnægi skilyrðum þeim, sem ræðir um í 3. gr., svo og um það, hverir þeirra sjeu verðugastir og helst þurfandi. Stjórnarráðið setur ráðsmann yfir stofnunina og ákveður laun hans. Ráðsmaður ræður þjónustufólk stofnunarinnar, kaupir allar nauðsynjar handa henni og annast allar aðrar framkvæmdir við reksturinn og bú það, sem kynni að verða rekið á jörðinni, en bóúð skal eigi vera stærra en hentugt er vegna þarfa stofnunarinnar sjálftrar. Reikningsskil gerir ráðsmaður stjórnarráði Íslands að minsta kosti einu sinni á ári á þeim tíma árs, sem það ákveður í samningi við hann. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, sem stjórnarráðið skipar fyrir eitt ár í senn, og skulu endurskoðendur jafnan hafa aðgang að öllum bókuum, skjölum, peningaförða og öllum öðrum eignum stofnunarinnar, og að minsta kosti tvisvar á ári með fjöggra mánaða millibili fullvissa sig um, að alt sje í reglu hjá ráðsmanni og gefa stjórnarráðinu skýrslu þar um. Jafnframt skulu endurskoðendur láta í ljósi álit sitt um það, hvort rekstri stofnunarinnar og búins sje hentuglega og sparsamlega hagað. — Endurskoðendum ber fyrir starfa sinn hæfileg þóknun að dómi stjórnarráðsins, og telst sú þóknun með reksturskostnaði stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórnarráðið semur aðalreikning sjóðsins, en reikningsár hans skal vera almanaksárið. Skal birta reikninginn í B-deild Stjórnartíðindanna og Lögbirtinga-
blaðinu innan tveggja mánaða eftir lok reikningsársins.

Reykjavík, 14. október 1914.

Jóh. Jóhannesson.